

Nd. 449. Frumvarp til laga [226. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Matthías Bjarnason, Sighvatur Björgvinsson, Gunnlaugur Finnsson,
Kjartan Ólafsson.

1. gr.

Aftan við G1. í 3. gr. laganna komi nýr liður:

- G2. Á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember er skipum, sem eru 20 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu sem dregin er 4 sjómílar utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindum svæðum:
- A. Á svæði sem takmarkast af línunum réttvísandi 300° frá punkti $65^\circ 51' 5''$ N — $24^\circ 13' 0''$ V og $66^\circ 04' 8''$ N og $23^\circ 57' 0''$ V.
 - B. Á svæði, sem takmarkast af línunum réttvísandi 315° frá $66^\circ 23' 6''$ N — $23^\circ 24' 5''$ V og réttvísandi 0° frá $66^\circ 31' 7''$ N — $23^\circ 01' 0''$ V.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Með þessu frumvarpi er lagt til að heimila skipum, sem eru 20 metrar að lengd eða minni, að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tveimur svæðum út af Vestfjörðum á tímabilinu 1. september til 30. nóvember. Meðfylgjandi kort sýnir þessi svæði, sem merkt eru með G2. Þessi svæði, sem hér um getur, eru viðurkennd skarkolasvæði og gáfu góða veiði á þeim árum sem botnvörpuveiðar voru þar leyfðar.

Almennt er talið að skarkolastofninn sé vannýttur og því eðlilegt að auka með þessum hætti veiðar á þekktum skarkolasvæðum. Þegar jafnframt er á það litið, að skip af þeirri stærð, sem hér er lagt til að fari að stunda veiðar á þessum svæðum, hafa takmarkaða möguleika til að stunda aðrar veiðar á þessum árstíma, þegar rækjuveiðar eru bannaðar vegna mikillar seiðagengdar á hefðbundnum rækjuveiði-

svæðum, eins og oft hefur átt sér stað, en þó alveg sérstaklega á þessum vetri hvað snertir báta sem þessar veiðar hafa stundað frá Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi.

Á sameiginlegum fundi smábátaeigenda við Ísafjarðardjúp fyrri hluta þessa vetrar var samþykkt að fara þess á leit, að umrædd svæði verði opnuð fyrir botnvörpu og flotvörpu þann árstíma, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

